

## Minnisblað

*Viðtakandi:* Undirbúningsstjórn um sameiningu Fljótsdalshéraðs, Borgarfjarðar eystri, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Djúpavogshrepps.

*Sendandi:* Starfshópur um eignir, veitur og hafnir.

*Efni:* Tillögur að ákvörðunum sem taka skal varðandi málavíðið og hvaða samþykktir, reglur og gjaldskrár skuli gilda

## Starfshópur um eignir, veitur og hafnir

Almennt

Eftirtaldir skipuðu starfshópinn:

Djúpavogshreppur:	Gauti Jóhannesson, sveitarstjóri og formaður starfshópsins
Borgarfjarðarhreppur:	Jón Þórðarson, sveitarstjóri
Seyðisfjarðarkaupstaður:	Aðalheiður Borgþórsdóttir, bæjarstjóri
Fljótsdalshérað:	Kjartan Róbertsson, yfirmaður eignasjóðs. Aðalsteinn Þórhallsson, framkvæmdastjóri HEF

Starfshópurinn fundaði fimm sinnum, 13. janúar, 17. janúar og 24. janúar, 31. janúar, 7. febrúar og 5. mars.

Markmið starfshópsins:

Fara yfir reglur, samþykktir, rekstrarfyrirkomulag, skipulag og gjaldskrár á sviði hafna, þjónustumiðstöðva, eignasjóða og veitumála auk félagslegra íbúða og gera tillögu að samræmingu þeirra og/eða endurskoðun.

Eiga samráð við aðila á viðkomandi málavíði, bæði til að afla nauðsynlegra upplýsinga og miðla upplýsingum um verkefnið.

## Veitur

Málefni veitna voru tekin fyrir á fundi á Egilsstöðum 24. janúar. Gunnar Jónsson formaður stjórnar Hitaveitu Egilsstaða og Fella var gestur fundarins. Gunnar gerði grein fyrir starfsemi og rekstrarformi hitaveitunnar og svaraði fyrirspurnum. Að því loknu var farið yfir þær veitur sem starfræktar munu verða í sameinuðu sveitarfélagi. Niðurstaða starfshópsins er sú að leggja til að rekstrarformi hitaveitunnar verði ekki breytt að svo stöddu. Hópurinn ályktar jafnframt að heppilegast sé að allar veitur í nýju sameinuðu sveitarfélagi lúti yfirstjórn HEF enda náist með því hagræðing og þekking sem er til staðar nýtist best auk þess sem með því fyrirkomulagi verði til dýrmæt fagleg þekking á málaflokknum. Einnig leggur hópurinn til að skoðað verði að starfsmenn veitna, að framkvæmdastjóra undanskildum, verði starfsmenn sveitarfélagsins og að gerður verði samningur um að HEF greiði sérstaklega fyrir þeirra vinnuframlag samkvæmt samningi. Lagt er til að gerð verði úttekt á ljósleiðaravæðingu í sveitarfélaginu og aðkoma HEF að þeim málaflokki verði endurskoðuð. Starfshópurinn leggur til að allar gjaldskrár verði óbreyttar til ársloka.

## Hafnamál

Málefni hafna voru tekin fyrir á fundi á Reyðarfirði 31. janúar. Steinþór Pétursson fyrrv. hafnarstjóri Fjarðabyggðarhafna var gestur fundarins. Steinþór fjallaði um starfsemi Fjarðabyggðarhafna og rekstrarfyrirkomulag og svaraði fyrirspurnum. Starfshópurinn leggur til að ráðinn verði sérstakur hafnarstjóri sem hafi yfirumsjón með rekstri hafna í nýju sameinuðu sveitarfélagi í samráði við heimastjórnir á hverjum stað auk umhverfis- og framkvæmdaráðs. Starfsmannahald við hafnir í nýju sveitarfélagi verði að öðru leyti óbreytt. Aðalheiður Borgþórsdóttir lét bóka að hún væri þeirrar skoðunar að sérstök hafnarstjórn verði sett yfir hafnir í sameinuðu sveitarfélagi sbr. sérálit sem fylgir minnisblaðinu. (Fylgiskjal 1) Starfshópurinn sammála um að leggja til að gjaldskrár verði óbreyttar til ársloka.

## Áhaldahús / Þjónustumiðstöðvar / Sorphirða / Förgun

Málefni áhaldahúsa/þjónustumiðstöðva/sorphirðu og förgunar voru tekin fyrir á fundi á Seyðisfirði 7. febrúar. Sigurbjörn Heiðdal forstöðumaður þjónustumiðstöðvar Djúpavogshrepps, Kári Ólason forstöðumaður áhaldahúss Fljótsdalshéraðs, Björn Skúlason áhaldahús Borgarfjarðarhrepps, Freyr Ævarsson verkefnastjóri umhverfismála Fljótsdalshéraðs og Gunnlaugur Friðjónsson bæjarverkstjóri Seyðisfjarðarkaupstaðar voru gestir fundarins. Starfshópurinn er sammála um að miklir möguleikar felist í samstarfi og samlegð varðandi t.d. tækjakaup og ýmsar framkvæmdir. Hópurinn gerir það að tillögu sinni að starfsmannahald í áhaldahúsum verði með óbreyttu sniði en að samstarfi með eignasjóði verði komið í formlegan farveg. Hópurinn leggur til að sorphirða og förgun verði tekin til endurskoðunar með það fyrir augum að ná fram meiri hagkvæmni í rekstri í kjölfar sameiningar fjögurra sveitarfélaga. Starfshópurinn áréttar að veitur ættu að vera undir einni yfirstjórn og að fyrir vinnuframlag þjónustumiðstöðva verði greitt samkvæmt reikningi eða samkomulagi. Starfshópurinn sammála um að leggja til að gjaldskrár verði óbreyttar til ársloka.

## Eignasjóður og félagslegar íbúðir

Málefni eignasjóðs og félagslegra íbúða voru tekin fyrir á Zoom fundi 12. febrúar. Starfshópurinn leggur til að umsýsla með eignasjóð verði sem mest undir sameiginlegri stjórn að lokinni sameiningu en þess gætt að tryggja málaflokknum þá starfsmenn sem þarf sbr. meðfylgjandi minnisblað. (Fylgiskjal 2)

## Samantekt og frágangur minnisblaðs

Endanlega var gengið frá samantekt og minnisblaði á Zoom fundi 5. mars.

Egilsstaðir 9. mars 2020

Gauti Jóhannesson, formaður starfshópsins

Fylgiskjöl:

1. Aðalheiður Borgþórsdóttir, sérálit
2. Kjartan Róbertsson, minnisblað
3. Samanburður gjaldskráa I, veitur
4. Samanburður gjaldskráa II, annað